



# Samantekt umræðna frá 22. ársfundi Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og forstöðumanna náttúrustofa

Hótel Héraði, Egilsstöðum 14. nóvember 2019

Ársfundur Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og forstöðumanna náttúrustofa var haldinn þann 14. nóvember 2019 á Hótel Héraði á Egilsstöðum. Yfirskrift fundarins að þessu sinni var *Störf í héraði og náttúruvernd í landnotkun*. Umræður voru á dagskrá í lok fundarins. Í umræðunum var fundargestum skipt upp í tvo hópa, annars vegar var rædd *landvarsla í heimabyggð* og hins vegar *umsagnir og skipulagsmál*. Góðar umræður voru í hópunum og margir góðir punktar sem komu fram. Hér að neðan má sjá samantekt frá hvorum hópi fyrir sig.

## Umsagnir og skipulagsmál

### **1. Hvað geta sveitarfélögin gert þegar þau senda inn skipulagstillögur til að fá sem mest út úr umsögnum Umhverfisstofnunar?**

- Rætt var um að það ætti að vera ein allsherjar gátt fyrir þær framkvæmdir sem eru í gangi.
- Rætt var um það hvort að heildarfjöldi umsagna sem sveitarfélög þurfi að fá væri of mikill. Spurt var hvort við værum að „yfirumsagna“ okkur?
- Margir umsagnaraðilar – oft verið að senda sama hlutinn á marga staði. Myndi ein umsögn duga?
- Rafræn gátt ætti að geta orðið til þess að tíminn sem fer í umsagnarferlið styttest.
- Þarf samhæfingu á milli stofnana þannig að allt sé á einum stað. Er það hægt?
- Þróunin í dag er að allt er að verða rafrænt – t.d. stafræn skipulög.
- Dæmi um vefsja sem er hentugt að nota við skipulagsvinnu er Vefsja.is.
- Umhverfisstofnun er að vinna í að gera allt rafrænt eða erum opin fyrir því.

- Mikið er ennþá um bréfasendingar sem eykur vinnu og umhverfisáhrif – Rafræn samskipti ættu að vera á milli stofnana og sveitarfélaga.
- Rafræn gátt Mannvirkjastofnunar sýnir að módelið er til.

## **2. Hvaða væntingar hafa sveitarfélög til umsagna Umhverfisstofnunar?**

- Fram kom að umsagnir Umhverfisstofnunar eru mjög hnitmiðaðar eins og þær eru í dag.
- Það er langur tími sem fer í umsagnir (viðmið 42 dagar), sem er eðlilegt miðað við fjölda umsagna. Ef skipulagsfulltrúi leggur inn ákveðinn umsagnarfrest er unnið eftir honum.
- Álitið kemur í skipulagslýsingaferlinu – áhersla á að það sé brugðist við umsögnum á því stigi. Umsagnir eigi ekki að vera íþyngjandi.
- Þegar allar umsagnir eru komnar inn kemur oft í ljós að umsagnaraðilar eru að mestu leyti sammála. Vangaveltur komu upp um það hvort Umhverfisstofnun ætti að veita umsögn fyrst, eins konar aðal umsögn, sem aðrir bæta við ef þarf? Til að mynda er Náttúrustofa umsagnaraðili um ákveðin mál en ekki lögum samkvæmt – væri skynsamlegt að lögbundnir aðilar veittu fyrst umsögn og síðan aðrir. Hjálpar líka í því sambandi ef umsagnir eru rafrænar.
- Skipulagið má ekki líða fyrir umsagnir – þarf að passa að gæði skipulagsins rýrist ekki. Tilgangurinn er að búa til sem best skipulag, það er aðalatriðið.
- Skipulagsmálin og ramminn sem verið er að vinna í er nógu flókinn svo ekki sé verið að flækja málin meira.
- Umhverfisstofnun spurði um valkosti í umsögnum – hvort það myndi hjálpa sveitarfélögum ef Umhverfisstofnun myndi segja sína skoðun í umsögnum og gefa valkosti? Fram kom að umsagnir eru hnitmiðaðar eins og þær eru- það þarf að passa að það myndi ekki vera til ógagns.

Hægt er að draga saman tvö meginatriði sem komu fram í umræðunum um umsagnir og skipulagsmál. Annars vegar að mikilvægt er að ferlið verði meira rafrænt, og hins vegar sé mikilvægt að auka samvinnu stofnana í umsagnaferlinu.

# Landvarsla í heimabyggð

## **1. Hvernig getur landvarsla aukið samstarf á milli Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga? Hvaða kosti hefur landvarsla á vegum Umhverfisstofnunar fyrir sveitarfélög?**

- Innkoma landvörslu í Fjarðarbyggð bætti tengsl sveitarfélagsins við Umhverfisstofnun og bætti orðspor Umhverfisstofnunar í sveitarfélaginu.
- Fræðsla og varsla jókst á svæðum sem sem voru í hættu vegna ágangs fólks.
- Lítil atriði eins og skilti – það skipti máli að þau eru nú unnin í samstarfi Umhverfisstofnunar og sveitarfélags. Sveitarfélagið telur þetta góða samstarf mikilvægt.
- Gott samstarf Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga gerir ferli friðlýsinga auðveldara.
- Landvarsla getur breytt viðhorfi til friðlýstra svæða, sérstaklega svæða sem eru í byggð. Sýnileg vernd og varsla landvarða er oft mikilvægt atriði til að friðlýst svæði hljóti virðingu almennings
- Ef friðlýst svæði fá ekki nóga athygli frá Umhverfisstofnun þá minnkar traust sveitarfélags til stofnunarinnar og hvetur ekki til frekari friðlýsinga
- Fram kom að æskilegt væri að landverðir, sveitarfélag sem þeir vinna í og viðeigandi náttúrustofa myndu vera í sterku teymi og funda reglulega til að halda góðum samskiptum.
- Sérfræðing frá Umhverfisstofnun vantar á Austurland. Fram kom frá starfsmanni Umhverfisstofnunar að aukið fjármagn hefur verið sett í landvörslu undanfarið en erfiðara hefur reynst að fá fjármagn í stjórnsýsluna, s.s. sérfræðinga.
- Það vantar fleiri landverði á Austurlandi t.d. á fjölförnustu ferðamannastöðunum, á þeim stöðum ná landverðir bara að „slökkva elda“, en ekki sinna vöktun og fleiri verkefnum.
- Heilsárslandvarsla býður upp á mörg tækifæri. Þriggja mánaða sumarvinna landvarða snýst oft mest um að slökkva elda og hugsa um gesti og er vertíðarstarf. Heilt ár býður upp á möguleikann til að sinna fleiri verkefnum. Einnig er það meira hvetjandi fyrir fólk að sækja um heilsársstarf. Fólk vill þá frekar flytja á staðinn og skjóta niður rótum, tengjast samfélaginu og borga skatta til sveitarfélagsins. Þriggja mánaða vinna í senn er mikið rót og bindur engan við ákveðið svæði til langs tíma. Landverðir verða að geta átt möguleika á því að eiga fjölskyldu og börn ásamt því að sinna starfi sínu.

### **Umræða: Landverðir með umsjónarsvæði á sínum upprunaslóðum**

- Oft betri samskipti við heimabyggðina.
- Skapar atvinnutækifæri fyrir fólk í sinni heimabyggð/tækifæri til að flytja aftur heim.
- Kostur við utanaðkomandi fólk er að það er nýtt á svæðinu og hefur mögulega öðruvísi og ferska sýn.

## ***Umræða: hvernig er hægt að auka ásókn í starf landvarðar?***

- Betri kjör – hærri laun.
- Gera starfið fjölskylduvænna.
- Hafa skýrara hvað felst í starfinu.
- Má ekki verða skjalastarf sem snýst aðallega um að fylla út skýrslur.
- Húsnæði: landvörðum er ekki útvegað húsnæði af hálfu Umhverfisstofnunar og er það ástæða þess að sumir sækja ekki um eða þiggja ekki ráðningu. Of mikil skuldbinding að kaupa húsnæði fyrir þriggja mánaða starf – jafnvel þegar ekki er komin reynsla á hvort að starfsmaðurinn endist í starfinu.
- Starfið getur verið einangrandi – væri hjálplegt að landverðir (á láglandi) hafi sína starfsstöð í kjarna/skrifstofuhúsnæði með öðrum fyrirtækjum og stofnunum, til að umgangast reglulega ákveðinn hóp af fólki.
- Kostnaður námskeiðs og að það sé æskilegt að sækja námskeið áður en sótt er um. Mögulega einhverjir sem sjá í auglýsingunni að það er æskilegt að hafa lokið landvarðanámskeiði og hætta þá við að sækja um. E.t.v. of mikill kostnaður og skuldbinding ef ekki er víst að umsækjandinn verði svo ráðinn í starfið.
- Mætti gera auglýsingu fyrir starfið meira aðlaðandi
  - Draga fram öll tækifærin og fríðindin sem felast í starfinu
  - Útivera, frelsi, ferðamennska og upplifanir
  - Mikil samskipti við fólk frá öllum heimshornum
  - Spannandi og óvenjulegt starf